



Veðskuld slhf.
Árshlutareikningur
1. janúar til 30. júní 2024

Veðskuld slhf.
Katrínartún 2
105 Reykjavík

kt. 640713-1510

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymisyfirlit	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuld slhf. er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvik eignastýringar hf. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Tilgangur félagsins er að fjárfesta í veðskuldabréfum, jafnframt kaup og sala fjármálagerninga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Afkoma félagsins á tímabilinu var 0 kr. þar sem skuldabréfaeigendur fá afkomu félagsins í formi vaxtauka á útgefin skuldabréf. Eigið fé félagsins nam 5,0 m.kr. þann 30. júní 2024.

Félagið Veðskuld GP ehf. ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldbindingum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Hlutafé félagsins á tímabilinu nam 4,0 m.kr. þann 30. júní 2024. Hluthafar voru 20 í upphafi árs sem og í lok tímabilsins. Engin breyting hefur verið á eigendahópi á tímabilinu og eru tíu stærstu hluthafar félagsins eru sem hér segir:

Hluthafi	Eignarhlutur
Birta lífeyrissjóður	19,9%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	19,9%
Kvika eignastýring hf.	15,9%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	11,9%
Stapi lífeyrissjóður	8,0%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7,1%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild	7,0%
Lífsvæðing lífeyrissjóður	3,2%
Lífeyrissjóður bænda	1,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.	1,4%

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Kvik eignastýringar hf.

Horfur í starfsumhverfinu

Verðbólga er þrálátari á Íslandi heldur en í nágrannalöndunum og skýrist það að hluta af því að það er meiri eftirspurn og spennan á vinnumarkaði hér. Sérfræðingar eiga von á að Seðlabanki Íslands muni ekki lækka stýrivexti fyrr en á síðasta árhlotu þessa ár. Ef væntingar um vaxtalækkanir standast má búast við að eignamarkaðir taki vel við sér og að sú þróun muni hafa jákvæð áhrif á innlendan hlutabréfamarkað.

Ávallt er gætt að því að hafa hagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Ekki hefur þurft að bregðast við með neinum hætti gagnvart mótaðilum félagsins það sem af er tímabilinu og er ekki búist við að þess þurfi. Hver sem þróunin verður þá mun félagið leitast við að hámarka virði fjárfestinga sinna ásamt því að horfa til samfélagslegra þátta við úrlausn mála gagnvart mótaðilum sínum.

Vanskil eru óveruleg í félaginu. Hægst hefur á uppgreiðslum á veðskuldabréfum félagsins vegna stöðu á vaxtamarkaði. Félagið hefur sterkar tryggingar á bak við allar sínar fjárfestingar. Félagið hefur metið vænt útlátnap fjárfestinga en telur í ljósi góðrar tryggingastöðu og ágætis lána, ekki þörf á niðurfærslu lána.

Félagið hefur sterka stöðu lausafjár og gott sjóðstreymi af afborgunum og getur mætt umtalsverðum þörfum um t.a.m. greiðslufresti án þess að það hafi áhrif á getu þess til þess að standa við sínar skuldbindingar. Áhætta er til staðar í rekstri félagsins. Megináhætta er fólgin í greiðslugetu og greiðsluvilja mótaðila sem og virði undirliggjandi veða. Eins er áhætta fólgin í því að ekki sé nægt laust fé til staðar til þess að greiða af skuldbindingum en það tengist beint áhættu er varðar greiðslugetu mótaðila sem og virði undirliggjandi eigna. Nánar er m.a. fjallað um helstu áhættur í rekstri félagsins í skýringum 17-26.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árhslutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur árhslutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 30. júní 2024 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu og breytingu á eigin fé á tímabilinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að árhslutareikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt árhslutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2024.

Stjórn
Anna Daniélsdóttir, stjórnarformaður
Hannes Frímann Hrólfsson
Jónas R. Gunnarsson

Framkvæmdastjóri
Helen Ólafsdóttir

Árhslutareikningur Veðskuldar slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Veðskuldar slhf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Veðskuldar slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um aðra heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit og sjóðsstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á árslutareikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2024 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu, viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir árslutareikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Kópavogur, 28. ágúst 2024.

Deloitte

Guðmundur Ingólfsson
Endurskoðandi

Árslutareikningur Veðskuldar slhf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2024 er rafrænt undirritaður af endurskoðanda.

Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu

	Skýringar	6m 2024	6m 2023
Vaxtatekjur og verðbætur	3g.	219.601	361.747
Vaxtagjöld, vaxtaauki og verðbætur	3g.	(218.114)	(360.006)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		7.439	5.649
Hreinar fjármunatekjur		8.926	7.391
Umsýsluþóknun	3h.	(5.939)	(5.962)
Rekstrarkostnaður		(2.987)	(1.428)
Rekstrargjöld alls		(8.926)	(7.391)
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		0	0

Skýringar á bls. 7 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2024

Eignir	Skýringar	30.6.2024	31.12.2023
Langtímakröfur	11	3.198.199	3.727.075
Verðbréf með breytilegum tekjum	12	37.762	58.322
Fastafjármunir samtals		3.235.961	3.785.397
Næsta árs afborgun langtímakrafna	11	108.229	123.442
Handbært fé		4.427	9.071
Veltufjármunir samtals		112.657	132.513
Eignir samtals		3.348.618	3.917.910
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé		4.000	4.000
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Eigið fé samtals	13	5.000	5.000
Skuldabréfaútgáfa	14	2.581.671	3.204.602
Umframeign skuldabréfaeigenda	14	758.058	703.443
Langtímaskuldir samtals		3.339.729	3.908.044
Viðskiptaskuldir		1.216	1.438
Áfallnir vextir		2.672	3.428
Skammtímaskuldir samtals		3.889	4.866
Skuldir samtals		3.343.618	3.912.910
Eigið fé og skuldir samtals		3.348.618	3.917.910

Skýringar á bls. 7 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2024

1. janúar 2024 til 30. júní 2024	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024		4.000	1.000	5.000
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins				0
Eigið fé 30. júní 2024	13	4.000	1.000	5.000

1. janúar 2023 til 30. júní 2023	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		4.000	1.000	5.000
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins				0
Eigið fé 30. júní 2023	13	4.000	1.000	5.000

Skýringar á bls. 7 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árslutareikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 30. júní 2024

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	6m 2024	6m 2023
Hagnaður og heildarafkoma tímabilsins		0	0
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Hreinar fjármunatekjur		(8.926)	(7.391)
		(8.926)	(7.390)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(222)	(278)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		(222)	(278)
Fengnir vextir og verðbætur		299.098	386.904
Greiddir vextir og verðbætur		(57.186)	(76.390)
Handbært fé frá rekstri		232.764	302.845
Fjárfestingahreyfingar			
Breyting, verðbréf með breytilegum tekjum		28.000	(953.000)
Langtímakröfur, afborganir og uppgreiðslur		464.593	984.292
Fjárfestingahreyfingar		492.593	31.292
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun skuldabréfaútgáfu		(730.000)	(320.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(730.000)	(320.000)
Handbært fé í ársbyrjun		9.071	11.158
Breyting handbærs fjár		(4.643)	14.137
Handbært fé í lok tímabilsins		4.427	25.295

Skýringar á bls. 7 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Veðskuld slhf. er íslenskt samlagshlutafélag í rekstri Kvikú eignastýringar hf. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Aðsetur þess er Katrínartún 2, 105 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er að fjárfesta í veðskuldabréfum, jafnframt kaup og sala fjármálagerninga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

2. Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og og ber endanlegur eigandi ábyrgð á skattgreiðslum félagsins.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn með undirritun sinni þann 28. ágúst 2024.

b. Grundvöllur matsaðferða

Árshlutareikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf með breytilegum tekjum eru metin á gangvirði.

c. Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Árshlutareikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur og stjórn félagsins hafa metið hvort félagið hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er árshlutareikningurinn gerður miðað við þá forsendu að félagið sé rekstrarhæft.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

f. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda. Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

g. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfálána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

h. Umsýsluþóknun

Félagið greiðir Kvikú eignastýringu hf. umsýsluþóknun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þess. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í rekstarsamningi félagsins við rekstraraðila.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum að teknu tilliti til niðurfærslu.

j. Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gilti á markaðnum í lok tímabils.

k. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

l. Langtímaskuldir

Skuldabréfálán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

Undir liðnum umframeign skuldabréfaeiganda er færð öll afkoma félagsins þar sem eigendur skuldabréfaútgáfunnar eignast alla afkomu félagsins. Afkoma tímabilsins er því færð til hækkunar eða lækkunar á umframeign skuldabréfaeiganda.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir

a. Skráning

Upphafleg skráning hjá félaginu á útlánum og kröfum, innlánun og útgefnum skuldagerningum er á þeim degi þegar til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

b. Flokkun

Fjáreignir

Fjáreignir félagsins eru flokkaðar í annan af tveim flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum sjóðstreymis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu sjóðstreymis sem samanstandur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Öll skuldabréf og lán félagsins eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánum eru færðir sem vaxtatekjur.

Afskriftarreikningur fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknaður út með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna afskriftarreiknings.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL) eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samanstanda af verðbréfum með breytilegum tekjum.

Mat á viðskiptalíkani

Félagið metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttáð. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímalengd fjáreignanna og tímalengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa sjóðstreymi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvort eignum sé stjórnað með það að markmiði að hagnast á verðbreytingum eða innheimta samningsbundið sjóðstreymi;
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum sölum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölur eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði félagsins varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig sjóðstreymi eru innleyst.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gagnvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið sjóðstreymi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið sjóðstreymi og til sölu.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Lán félagsins er haldið innan viðskiptalíkans sem felur í sér innheimtu á samningsbundnu sjóðstreymi af höfuðstól og vöxtum. Fjáreignir félagsins eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstandur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreigninnar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáhættu er tengist útistandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallar útlánaáhættu (væntu tapi, lausafjárahættu og umsýslukostnaði), auk hagnaðarhlutfalls.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmálar fela í sér sjóðstreymi sem felur í sér annað greiðsluflæði en innheimtu samningsbundinna vaxta og endurgreiðslu höfuðstóls á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin metin á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema á því tímabili þar sem félagið breytir viðskiptalíkani sínu og ef sú breyting er marktæk hvað starfsemi félagsins varðar.

Fjárskuldir

Félagið flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir og fjárskuldir frh.:

c. Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar félagið flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða félagið heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur félagsins eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

5. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

6. Virðisrýrnun

Vænt útlánatap

Félagið notar þriggja þrepa líkan við mat á væntum útlánatöpum. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáhættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáhættu jafngildir afskriftin væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáhættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskriftin jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Við mat á afskriftarreikningi vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur sem eru ekki metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þá gerir IFRS 9 ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáhætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáhættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáhættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færst úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánaáhættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilar félögum að flokka eignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáhættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáhætta hafi aukist marktækt.

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum eða virkum vöxtum sem hafa verið aðlagðir að útlánaáhættu þegar um er að ræða keypt eða skráðar fjáreignir sem eru virðisrýrðar.

Skýringar frh.

6. Virðisýrning frh.

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af félaginu ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 90 daga fram yfir gjalddaga;
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldprotabeiðni, eru í greiðslustöðvun, í nauðasamningsumleitunum, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar félagsins. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring félagsins getur endurskilgreint flokkun ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskila er þekkt af félaginu og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

7. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar (taps) og vegins meðalfjölda virkra hluta á tímabilinu. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (tap) á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

8. Starfspáttayfirlit

Félagið lítur á núverandi starfsemi sem einn starfspátt og birtir því ekki starfspáttayfirlit. Eini starfspáttur fyrirtækisins er aðkoma félagsins að fjármögnun fyrirtækja sem eru vítt og breitt um landið.

9. Nýir reikningskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningskilastaðla, breytingar á þeim og túlkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir júní 2024 eða fyrr og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða túlkanir sem taka gildi eftir lok júní 2024, en heimilt er að taka upp fyrr. Það er mat félagsins að áhrif staðla sem tóku í gildi á árinu, nýrra staðla sem og staðla sem hafa verið samþykktir en ekki tekið gildi muni ekki hafa áhrif á framsetningu árshlutareikningsins.

Skýringar frh.

10. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut reiknast sem hér segir:	6m 2024	6m 2023
Hagnaður tímabilsins	0	0
Hlutfé í ársbyrjun	4.000	4.000
Vegið meðaltal fjölda hluta á tímabilinu	4.000	4.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	0,00	0,00

Efnahagur

11. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af skuldabréfaeign og afborgunum næstu ár og sundurliðast með eftirfarandi hætti:	30.6.2024	31.12.2023
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 3,0%-5,1%	3.306.428	3.850.517
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	3.306.428	3.850.517
Næsta árs afborgun	(108.229)	(123.442)
Langtímakröfur samtals	3.198.199	3.727.075
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun ársins 2025/2024	108.229	123.442
Afborgun ársins 2026/2025	101.471	117.951
Afborgun ársins 2027/2026	105.934	123.295
Afborgun ársins 2028/2027	110.598	128.886
Afborgun ársins 2029/2028	115.471	134.736
Afborganir síðar	2.764.724	3.222.207
Langtímakröfur samtals	3.306.428	3.850.517

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt Veðskuld slhf. veð í eignum, þar með talið fasteignum, áhöldum og tækjum og vörumerkjum.

12. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:	30.6.2024	31.12.2023
Kvika - Lausafjárjóstur	37.762	58.322
Samtals	37.762	58.322

Skýringar frh.

13. Eigið fé

	30.6.2024	31.12.2023
a. Hlutfé		
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	4.000	4.000
Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.		
b. Lögbundinn varasjóður		
Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnvirði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.		
c. Eiginfjárhlutfall		
Eigið fé	5.000	5.000
Eiginfjárhlutfall	0,1%	0,1%

14. Skuldabréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið VEDS2 17 01 og er verðtryggt vaxtagreiðslubréf með 3,5% föstum ársvöxtum. Jafnframt er heimilt að greiða vaxtaauka í samræmi við lýsingu skuldabréfsins VEDS2 17 01. Lokagjaldagi höfuðstóls er 15. september 2047. Heimilt er að greiða inn á höfuðstól ef uppgreiðslur verða á skuldabréfum félagsins.

	30.6.2024	31.12.2023
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:		
Skuldabréf, verðtryggt ISK, fastir 3,5% vextir	2.581.671	3.204.602
Skuldabréfaútgáfan samtals	2.581.671	3.204.602

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Hagnaður félagsins færist sem vaxtaauki til skuldabréfaeigenda en tap færist til lækkunar á vaxtaauka, hafi hann verið færður til bókar áður. Umframeign skuldabréfaeigenda var 758.059 þús.kr. þann 30. júní 2024 samanborið við 703.443 þús. kr. þann 31. desember 2023.

15. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Veðskuldar slhf. og rekstrarfélags þess og félaga tengdum því uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í lok júní 2024 og desember 2023.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á fyrri árshefningi 2024 og 2023.

Félagið stundar almenn bankaviðskipti hjá Kviku banka hf. sem er móðurfélag Kviku eignastýringar hf. Viðskiptakjör eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða. Ekki er um að ræða önnur viðskipti við tengda aðila.

	Tekjur 6m 2024	Gjöld 6m 2024	Eignir 30.6.2024	Skuldir 30.6.2024
Kvika banki hf.	1.158	0	4.427	0
Kvika eignastýring hf.	7.440	(5.939)	37.762	(924)
Samtals	8.598	(5.939)	42.190	(924)
	Tekjur 6m 2023	Gjöld 6m 2023	Eignir 31.12.2023	Skuldir 31.12.2023
Kvika banki hf.	0	0	9.071	0
Kvika eignastýring hf.	5.649	(5.962)	58.322	(1.145)
Samtals	5.649	(5.962)	67.393	(1.145)

16. Heildargreiðslur og hlunnindi

Félagið greiðir engin laun þar sem daglegur rekstur er í höndum Kviku eignastýringar hf. Sjá skýringu 16 í A-hluta árslutareiknings Kviku eignastýringar hf.

Skýringar frh.

Áhættustýring

17. Áhættustýring

- a. Markmið
Markmið með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættur, setja viðmið um áhættur og hafa eftirlit með þeim.
- b. Uppbygging
Stjórn Veðskuldar slhf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.
- c. Tegundir áhættu
Starfsemi félagsins felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:
- Útlánaáhætta
 - Lausafjárahætta
 - Markaðsáhætta

18. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta skuldbindingum þeirra.

Lánsáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 21,2% af langtímakröfum í lok tímabilsins er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum.

19. Veðhlutfall

- a. Almennt
Veðhlutfall (LTV) lýsir hámarks áhættuskuldbindingu útlánaáhættu sem hlutfall af heildarverðmati trygginga, ef þær eru til staðar. Almennt láns hæfi viðskiptavinar er álitinn áreiðanlegasti mælikvarði á gæði útlánsins. Verðmat á mótteknum veðum vegna lánveitinga er þar af leiðandi ekki uppfært nema að láns hæfismat lántakandans versnar. Virði trygginga hefur ekki verið uppfært við útreikning á veðhlutfallinu (LTV), en miðað er við verðmæti trygginga sem fyrir lá á kaupdegi veðskuldabréfanna.

- b. Sundurliðun
Sundurliðun á lánnum eftir veðhlutfalli er sem hér segir:

	30.6.2024	%	31.12.2023	%
8-50%	800.884	24,2%	786.645	20,4%
50-75%	991.894	30,0%	1.581.731	41,1%
75-85%	1.513.650	45,8%	1.482.142	38,5%
Samtals	3.306.428	100%	3.850.517	100%

Vegið veðhlutfall 30.6.2024 er 68,3% (31.12.2023: 67,4%)

20. Hámarks útlánaáhætta

Hámarksáhætta vegna útlánataps vegna fjármálagerninga sem lúta virðisrýrnunarkröfum IFRS 9, bæði innan og utan efnahagsreiknings, áður en tekið er tillit til trygginga eða annarra liða sem milda útlánaáhættuna, skiptist sem hér segir:

	30.6.2024	31.12.2023
Langtímakröfur	3.198.199	3.727.075
Næsta árs afborgun langtímakrafna	108.229	123.442
Handbært fé	4.427	9.071
Samtals	3.310.856	3.859.588

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í lok júní 2024 þar sem ekki er metin tapshætta vegna þeirra. Hvert og eitt lán er metið á reikningsskiladegi með tilliti til niðurfærslu, að mati stjórnenda hafa ekki komið fram vísbendingar um virðisrýrnun á reikningsskiladegi.

Skýringar frh.

21. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér að neðan sýna fjáreignir sem lúta niðurfærslukröfum IFRS 9. Fyrir lán með lánshæfiseinkunn á 1. stigi eru litlar líkur á vanskilum og vænt útlánstap vegna þeirra metið óverulegt og þar að leiðandi er engin niðurfærsla tekin á fjáreignum.

Útlánagæði fjáreigna skipt eftir stigum sundurliðast sem hér segir:

30.6.2024

Útlán:	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
Lánshæfiseinkunn, 1.stig	3.177.683	0	128.745	0	3.306.428
Bókfært heildarvirði	3.177.683	0	128.745	0	3.306.428
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	3.177.683	0	128.745	0	3.306.428

31.12.2023

Útlán:	Prep 1	Prep 2	Prep 3	Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
Lánshæfiseinkunn, 1.stig	3.850.517	0	0	0	3.850.517
Bókfært heildarvirði	3.850.517	0	0	0	3.850.517
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	3.850.517	0	0	0	3.850.517

22. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hætta á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirþáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í lok júní 2024 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

23. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

30.6.2024	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	4.427				4.427	4.427
Verðbréf með breytilegum tekjum	37.762				37.762	37.762
Langtímakröfur	239.238	239.228	717.684	3.935.642	5.131.791	3.306.428
Samtals	281.427	239.228	717.684	3.935.642	5.173.981	3.348.618
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	90.842	90.842	272.525	4.523.334	4.977.542	2.581.671
Umframeign skuldabréfaeigenda	0			758.058	758.058	758.058
Áfallnir vextir	2.672				2.672	2.672
Viðskiptaskuldir	1.216				1.216	1.216
Samtals	94.730	90.842	272.525	5.281.393	5.739.490	3.343.618
Hreinar fjáreignir (fjárskuldir)	186.697	148.386	445.159	(1.345.751)	(565.509)	5.000

Skýringar frh.

24. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

31.12.2023	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	9.071				9.071	9.071
Verðbréf með breytilegum tekjum	58.322				58.322	58.322
Skuldabréfaeign	281.975	281.971	845.914	4.591.256	6.001.116	3.850.517
Samtals	349.368	281.971	845.914	4.591.256	6.068.509	3.917.910
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	112.545	112.545	337.635	5.325.783	5.888.507	3.204.602
Umframeign skuldabréfaeigenda	0			703.443	703.443	703.443
Áfallnir vextir	3.428				3.428	3.428
Viðskiptaskuldir	1.438				1.438	1.438
Samtals	117.411	112.545	337.635	6.029.225	6.596.816	3.912.910
Hreinar fjáreignir (fjárskuldir)	231.957	169.426	508.279	(1.437.970)	(528.307)	5.000

25. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar verða á vöxtum sem hafa áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af vaxta- og verðtryggingaráhættu. Félagið mætir markaðsáhattu með því að tryggja jafnvægi á milli verðtryggðra eigna og skulda. Megnið af lánun er á föstum vöxtum og því takmarkar það markaðsáhattu vegna vaxta þangað til kemur að endurfjármögnun. Bókfært verð lána er talið það sama og markaðsverð þeirra.

Skuldabréfalán félagsins er verðtryggt með föstum vöxtum.

26. Flokkun fjármálagerna

Flokkun fjármálagerna samkvæmt IFRS 9 er sem hér segir:

30.6.2024	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	Bókfært virði
Fjáreignir			
Skuldabréfaeign	3.198.199		3.198.199
Næsta árs afborgun langtímakrafna	108.229		108.229
Verðbréf með breytilegum tekjum		37.762	37.762
Handbært fé	4.427		4.427
Samtals	3.310.856	37.762	3.348.618
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	2.581.671		2.581.671
Umframeign skuldabréfaeigenda	758.058		758.058
Áfallnir vextir	2.672		2.672
Viðskiptaskuldir	1.216		1.216
Samtals	3.343.618	0	3.343.618
31.12.2023			
Fjáreignir			
Skuldabréfaeign	3.727.075		3.727.075
Næsta árs afborgun langtímakrafna	123.442		123.442
Verðbréf með breytilegum tekjum		58.322	58.322
Handbært fé	9.071		9.071
Samtals	3.859.588	58.322	3.917.910
Fjárskuldir			
Skuldabréfalán	3.204.602		3.204.602
Umframeign skuldabréfaeigenda	703.443		703.443
Áfallnir vextir	3.428		3.428
Viðskiptaskuldir	1.438		1.438
Samtals	3.912.910	0	3.912.910

Undirritunarsíða

Hannes Frímann Hrólfsson

Helen Ólafsdóttir

Anna Daníelsdóttir

Jónas Reynir Gunnarsson

Guðmundur Ingólfsson